

Reykjavík, 26. ágúst 2008

**Efni: Hálfársuppgjör Lánasjóðs sveitarfélaga**

<b>Rekstur tímabils m.kr.</b>	<b>1H2008</b>	<b>1H2007</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	<b>2005*</b>
Hreinar vaxtatekjur	1.698,1	597,2	1.385,3	1.138,8	684,9
Aðrar rekstrartekjur	(494,9)	115,0	(96,5)	120,5	16,2
Almennur rekstrarkostnaður	40,5	30,4	69,5	63,7	51,8
Hagnaður tímabilsins	1.162,7	681,8	1.219,3	1.194,8	649,3
<b>Efnahagur í lok tímabils m.kr.</b>	<b>30.06 2008</b>	<b>31.12 2007</b>	<b>31.12 2006</b>	<b>31.12 2005*</b>	<b>31.12 2004*</b>
Útlán	44.316,5	39.267,2	31.691,9	22.539,9	14.557,6
Aðrar eignir	4.800,0	2.466,1	2.274,7	1.387,5	519,3
Langtímaskuldir	35.430,2	29.254,8	21.956,6	13.149,8	5.129,5
Aðrar skuldir	2.475,6	2.430,4	3.181,3	39,4	34,8
Eigið fé	11.210,7	10.048,0	8.828,7	10.738,1	9.912,5
CAD-hlutfall	112,0%	112,3%	120,1%	217,3%	323,7%
CAD-hlutfall Basel II	86,6%	-	-	-	-

\*) Uppgjör samkvæmt eldri reikningsskilaaðferðum.

Afkoma lánasjóðsins á fyrri hluta ársins 2008 var yfir væntingum og er tekjuafgangur 1.162,7 m.kr. á móti 681,8 m.kr. fyrir sama tímabil fyrra árs. Útlán sem fjármögnuð eru með eigin fé eru verðtryggð og hefur hækkun vísitölu neysliverðs því áhrif á afkomuna til hækkunar. Vextir af þeim lánum voru lækkaðir 1. apríl sl. úr 5,95% í 5,0%. Einnig var ávöxtun á lausu fé góð vegna hárra skammtíma vaxta.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Samþykktar lánveitingar á fyrri hluta ársins 2008 voru 10,5 ma.kr., en útborguð langtímalán voru 6,3 ma.kr. miðað við 1,5 ma.kr. á sama tíma árið 2007. Vanskil eru engin og hefur sjóðurinn ekki tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967. Vaxandi eftirspurn er eftir þjónustu sjóðsins.

Á tímabilinu gaf sjóðurinn út skuldabréf að fjárhæð 2,3 ma.kr. á innlendum skuldabréfamarkaði og tók að láni 45 m EUR hjá erlendum aðilum.

Eigið fé í lok tímabilsins var 11,2 ma.kr. á móti 10,0 ma.kr. í árslok 2007. Vegið eiginfjárhlutfall, svonefnt CAD-hlutfall, var í lok tímabilsins 112,0% skv. eldri reglum en 86,6% samkvæmt hinum nýju Basel II reglum. Ný eiginfjárfrafa vegna rekstraráhættu hefur neikvæð áhrif á hlutfallið, en sú krafa er reiknuð á grundvelli hreinna rekstrartekna síðustu þriggja ára, en þær eru tiltölulega háar hjá sjóðnum vegna sterkrar eiginfjárstöðu.

Sjóðurinn starfar sem lánafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki og skv. lögum um hlutafélög. Sveitarfélögin bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans, en tryggingar fyrir útlánnum hans eru í tekjum sveitarfélaga skv. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 123/2006.

Nú er gert ráð fyrir að hagnaður lánasjóðsins fyrir árið í heild verði nokkuð meiri en var á árinu 2007, aðallega vegna hækkandi verðlags á árinu og hárra skammtíma vaxta.

*Nánari upplýsingar veitir: Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4900*